

GJALDSKRÁ

fyrir katta- og hundahald í Blönduósbæ.

1. gr.

Af hundum og köttum í Blönduósbæ skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari sem eru ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Blönduósbæ, nr. 242/2004 og samþykkt um kattahald í Blönduósbæ, nr. 1121/2005.

2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds í fyrsta sinn skal innheimta skráningargjald að fjárhæð kr. 3.370 ásamt árlegu leyfisgjaldi vegna hunds að fjárhæð kr. 10.850 miðað við heilt ár. Við umsókn um skráningu kattar í fyrsta sinn skal innheimta skráningargjald að fjárhæð kr. 3.370 ásamt árlegu leyfisgjaldi vegna katta að fjárhæð kr. 3.860 miðað við heilt ár. Leyfisgjaldið lækkar svo eftir því sem líður á árið þegar kemur til fyrstu skráningar, gjaldið er í janúar - mars 100%, apríl - júní 75%, júlí - september 50% og október - desember 25%.

Leyfisgjald er ekki endurgreitt þrátt fyrir breytingar á katta- eða hundahaldi innan ársins.

3. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu hunda er innifalin í gjaldi sem innheimt er samkvæmt 2. gr. Í þessu sambandi vísast til e- og f-liða 2. gr. samþykktar um hundahald á Blönduósi nr. 242/2004, sem kveða á um skyldur hundaeigenda til að hafa hunda sína ábyrgðartryggða og er tryggingin innfalin í gjaldinu enda sé það í skilum.

Árleg hundahreinsun er á ábyrgð eigenda og framkvæmd hennar í höndum hundaeigenda. Blönduósbaer auglysir 2 daga á ári þar sem boðið er uppá hundahreinsun sem er innifalin í gjaldinu. Að öðrum kosti ber þeim að snúa sér til dýralæknis sem annast hana á kostnað hundaeigenda.

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending	kr. 10.850
Önnur afhending	kr. 19.520
Priðja afhending	kr. 30.050
Við afhendingu hunds/kattar sem ekki er gilt leyfi fyrir	kr. 23.590

Að auki skal umráðamaður hunds/kattar greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds/kattar. Óskráða hunda/ketti má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

5. gr.

Gjalddagi leyfisgjalda er 1. mars og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

6. gr.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

7. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Blönduósbæjar staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um

Nr. 1747

30. desember 2021

hundahald í Blönduósbæ nr. 242/2004 og samþykkt um kattahald í Blönduósbæ nr. 1121/2005, til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 1528/2020.

Blönduósi, 30. desember 2021.

Valdimar O. Hermannsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 14. janúar 2022